

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1712/95**frá 13. júlí 1995****um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1014/90 um ítarlegar framkvæmdarreglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á brenndum drykkjum(*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 frá 29. maí 1989 um almennar reglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á brenndum drykkjum ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 3378/94 ⁽²⁾, einkum 3. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1180/91 ⁽³⁾, sem öðlaðist gildi 11. maí 1991, var 7. gr. a bætt við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1014/90 ⁽⁴⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2675/94 ⁽⁵⁾, þar sem kveðið er á um að heiti sem er bætt við vörumerkingu varanna sem eru taldar upp í viðaukanum við reglugerð (EBE) nr. 1180/91 skuli einskorðast við vörurnar sem eru skilgreindar þar. Sökum misritunar er í þýsku útgáfunni af þessum viðauka vísað til

bragðefna „Wacholder“ í stað „Jenever“ undir skilgreiningunni á „Vruchtenjenever“ og er hún því ekki í samræmi við drögin sem álitíð, sem var lagt fram á grundvelli 15. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1576/89, byggðist á.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit framkvæmdanefndarinnar um brennda drykki.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:**1. gr.**

Orðinu „Wacholder“ í 1. lið viðaukans við reglugerð (EBE) nr. 1014/90 er hér með breytt í „Jenever“ í þýsku útgáfunni.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. júlí 1995.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 269, 11. 11. 1995, bls. 5, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/97 frá 10. júlí 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. L 160, 12. 6. 1989, bls. 1.

(2) Stjttíð. EB nr. L 366, 31. 12. 1994, bls. 1.

(3) Stjttíð. EB nr. L 115, 8. 5. 1991, bls. 5.

(4) Stjttíð. EB nr. L 105, 25. 4. 1990, bls. 9.

(5) Stjttíð. EB nr. L 285, 4. 11. 1994, bls. 5.